

<b>Brunamálastofnun</b>	Skjal nr.	VLR 3
<b>VERKLAGSREGLA VLR 3</b>	Útgáfa	03
<b>Skoðun á öryggisstjórnunarkerfi rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva</b>	Dags.	01.01.10
	Bls.	1 af 3

### **VLR 3.      Skoðun á öryggisstjórnunarkerfi rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva**

#### **1.      Tilgangur**

Ákvæði verklagsreglunnar eiga við um skoðun öryggisstjórnunarkerfis rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva, verða hér á eftir aðeins nefndar rafveitur. Verklagsreglan lýsir hvernig staðið er að skoðun á öryggisstjórnunarkerfum rafveitna.

#### **2.      Ábyrgð**

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu ber ábyrgð á að skoðanir sem viðkomandi skoðunarstofa annast séu framkvæmdar samkvæmt þessari verklagsreglu.

#### **3.      Lýsing**

##### *3.1.      Kröfur til öryggisstjórnunarkerfis rafveitu*

Kröfur til öryggisstjórnunarkerfa rafveitna koma fram í lögum (678/2010) um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 1. kafla reglugerðar um raforkuvirki og verklagsreglu Brunamálastofnunar um öryggisstjórnun rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva (VLR 1).

##### *3.2.      Samningur um skoðun öryggisstjórnunarkerfis*

Ábyrgðarmaður rafveitu semur við skoðunarstofu með eða án milligöngu Brunamálastofnunar um skoðun á öryggisstjórnunarkerfi viðkomandi rafveitu.

Skoðunarstofan skal vera faggilt til að annast skoðanir á öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og hafa á að skipa skoðunarmönnum sem eru hæfir samkvæmt grein 4.5.3 í reglugerð um raforkuvirki.

##### *3.3.      Skoðun á skjalfestu kerfi*

Ábyrgðarmaður rafveitu skilar skjalfestu öryggisstjórnunarkerfi inn til skoðunar til skoðunarstofu í samræmi við samkomulag milli skoðunarstofu og rafveitu.

Skoðunarmaður skoðunarstofu skoðar skjalfest öryggisstjórnunarkerfi rafveitunnar og fer yfir hvort skjöl kerfisins uppfylli kröfur sem gerðar eru til öryggisstjórnunarkerfa rafveitna. Skoðunarmaðurinn vinnur samkvæmt reglum um skoðun raforkuvirkja og hann fyllir út eyðublöð sem sýna að hann hafi farið yfir allar viðeigandi kröfur.

Skoðunarmaður skrifar skýrslu um niðurstöðu skoðunarinnar sem hann skilar til ábyrgðarmanns rafveitunnar. Í skýrslunni kemur fram niðurstaða skoðunarinnar með athugasemdum um það sem ekki var í samræmi við kröfur. Skoðunarmaðurinn sendir afrit af skýrslunni til Brunamálastofnunar.

<b>Brunamálastofnun</b>	Skjal nr.	VLR 3
	Útgáfa	03
<b>VERKLAGSREGLA VLR 3</b>		
<b>Skoðun á öryggisstjórnunarkerfi rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva</b>		
	Dags.	01.01.10
	Bls.	2 af 3

### 3.4. *Skoðun á virkni öryggisstjórnunarkerfis*

Skoðun á virkni öryggisstjórnunarkerfis rafveitu getur ekki farið fram fyrir en eftir að viðunandi lagfæringar hafa verið gerðar vegna athugasemda eftir skoðun á skjalfestu kerfi. Þriggja mánaða reynsla skal vera komin á verklag rafveitunnar áður en skoðun fer fram. Skoðun á virkni kerfisins skal fara fram innan árs frá skoðun á skjalfestu kerfi. Að öðrum kosti þarf að endurtaka þá skoðun vegna hugsanlegra breytinga sem orðið hafa.

Skoðunarmaður hefur samband við ábyrgðarmann rafveitu til að ákveða hvenær skoðun á virkni öryggisstjórnunarkerfis rafveitu í rekstri skuli fara fram. Hann undirbýr skoðunina og útbýr dagskrá þar sem fram kemur hvernig skoðuninni verður hagað, hvað verður skoðað hvar og hvenær. Skoðunarmaðurinn tryggir að í skoðuninni verði farið á viðunandi hátt yfir framkvæmd allra þeirra krafna sem gerðar eru til öryggisstjórnunarkerfa rafveitna.

Skoðunarmaður fer yfir skráningar sem sýna að rafveitan uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til hennar. Hann vinnur samkvæmt reglum Brunamálastofnunar um skoðun raforkuvirkja og hann fyllir út viðeigandi eyðublöð sem sýna að farið hafi verið yfir allar viðeigandi kröfur og hvaða sannanir hafa verið lagðar til grundvallar því að unnið sé eftir öryggisstjórnunarkerfinu.

Skoðunarmaður skrifar skýrslu um niðurstöðu skoðunarinnar sem hann skilar til ábyrgðarmanns rafveitunnar. Í skýrslunni kemur fram niðurstaða skoðunarinnar með athugasemdum um það sem ekki var í samræmi við kröfur. Skoðunarmaðurinn sendir afrit af skýrslunni til Brunamálastofnunar.

### 3.5. *Viðhaldsskoðun*

Þegar Brunamálastofnun hefur viðurkennt öryggisstjórnunarkerfi rafveitu, semur ábyrgðarmaður veitunnar við skoðunarstofu um viðhaldsskoðanir. Viðhaldsskoðanirnar eru úrtaksskoðanir sem fara fram einu sinni á ári þannig að teknir eru fyrir hlutar af kröfum til öryggisstjórnunarkerfis hverju sinni. Ábyrgðarmaður rafveitu setur upp áætlun sem nær til þriggja ára og eru allar kröfur til öryggisstjórnunarkerfa teknar út a.m.k. einu sinni á því tímabili.

Viðhaldsskoðunin er framkvæmd á sama hátt og aðrar skoðanir á virkni kerfisins sbr. kafla 3.4 í þessari verklagsreglu en miðast við takmarkaða þætti skv. áætlun um viðhaldsskoðanir.

### 3.6. *Endurskoðun*

Brunamálastofnun getur óskað eftir endurskoðun á öryggisstjórnunarkerfi rafveitu ef rafveitan hefur ekki uppfyllt þær kröfur sem til hennar eru gerðar um öryggisstjórnun hjá rafveitum.

Endurskoðun er framkvæmd á sama hátt og almenn skoðun á virkni öryggisstjórnunarkerfis sbr. kafla 3.4 í þessari verklagsreglu en miðast að öllu jöfnu við afmarkaða þætti skv. áætlun um viðhaldsskoðanir.

<b>Brunamálastofnun</b>  <b>VERKLAGSREGLA VLR 3</b>  <b>Skoðun á öryggisstjórnunarkerfi rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva</b>	Skjal nr.	VLR 3
	Útgáfa	03
	Dags. Bl.	01.01.10 3 af 3

#### **4. Tilvísanir**

##### **4.1. Skjöl**

- VLR 1, Öryggisstjórnun rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva.
- Lög (678/2009) um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
- Reglugerð um raforkuvirki, kafli 1.
- Skoðunarreglur Brunamálastofnunar.
- Eyðublöð fyrir skoðun öryggisstjórnunarkerfa rafveitna.

##### **4.2. Skrár**

- Samningur um skoðun öryggisstjórnunarkerfis.
- Skoðunarskýrsla ásamt útfylltum gátlistum um skoðun á skjalfestu öryggisstjórnunarkerfi.

#### **5. Breytingasaga**

25.03.02 Útgáfa 02, Gr. 3.5, 3.mgr.

01.01.10. Útgáfa 03. Neytendastofu breytt í Brunamálastofnun.